

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Flúða 1992-2012, miðbæjarkjarni, Hrunamannahreppi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 18. apríl 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Flúða 1992-2012 frá 25. apríl 1994.

Breytingin felst í að ný vegtenging er við Hrunamannaveg austan félagsheimilis. Eldri tenging vestan félagsheimilisins fellur niður. Hluti stofnanasvæðis austur af félagsheimili verður verslunar- og þjónustusvæði í tengslum við tjaldstæði. Afmörkun á grænu svæði til sérstakra nota, skógræktarsvæði við Skúta er breytt og lega stíga breytist. Nýjar innkeyrslur verða að félagsheimili frá Hrunamannavegi og frá Langholtsvegi að fyrirhuguðum leikskóla.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Hrunamannahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 18. apríl 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.